

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Urðarhvarf 8 og 10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 26. október 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir Urðarhvarf 8-10. Í breytingunni felst að vestari lóðarmörk Urðarhvarfs 8 færast um 3,5 m til vesturs og eystri lóðarmörk Urðarhvarfs 10 færast samsvarandi til vesturs. Syðri lóðarmörk Urðarhvarfs 10 færast til suðurs inn á núverandi bæjarland.

Lóðarstærð Urðarhvarfs 8 verður 10.435 m² eftir breytingu með nýtingarhlutfall 1,42. Lóðarstærð Urðarhvarfs 10 verður 5.915 m² eftir breytingu með nýtingarhlutfall 0,65.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 4. nóvember 2021.

Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 5. nóvember 2021